



Erasmus+



Samantekt verkefnisstjórnar

Samantekt verkefnisstjórnar

Erasmus+ Job Broker er stefnumarkandi verkefni sem miðar að því að þróa, hanna og sannreyna verkefni á sviði starfsmenntunar og þjálfunar til nánari skilgreiningar á nýtilkominni starfslýsingu vinnumiðlara í Evrópu

Veigamikill þáttur þessa Erasmus+ Job Broker verkefnis er skýrsla starfshópsins um fjölþjóðlega rannsókn á störfum vinnumiðlara sem felur í sér eftirfarandi þætti: Stefnumörkun, skipulag og þarfagreiningu. Í heildarskýrslunni er samantekt á skýrslum frá þáttökulöndunum Bretlandi, Þýskalandi, Íslandi, Kýpur, Spáni, Ítalíu, Grikklandi og Austurríki. Þær lykilupplýsingar, þekking og lýsing staðbundinna aðstæðna sem skýrslurnar hafa að geyma eru mikilvægt framlag til verkefnis sem hefur að markmiði að þróa starfslýsingar og námsferla vinnumiðlara.

Nú á dögum gegnir vinnumiðlarinn lykilhlutverki, bæði í atvinnu- og starfsþjálfunargeira Evrópulanda, og einnig í samfélagslegu og efnahagslegu tilliti. Störf vinnumiðlara eru sérstaklega mikilvæg fyrir ungt fólk, atvinnuleitendur, og þá sem vilja skipta um starfsvettvang. Í þessu samhengi er starf vinnumiðlarans óðum að yfirtaka lykilhlutverk sem áður voru á sviði hefðbundinna starfsráðgjafa og fleiri aðila sem önnuðust upplýsingar, ráðgjöf og leiðbeiningar á vinnumarkaði.

Hlutverk vinnumiðlarans og sú hæfni og þekking sem þarf til að geta aðstoðað fólk í leit sinni að störfum, sér í lagi þá sem eru atvinnulausir, skipar æ mikilvægari sess alls staðar í Evrópu, ekki síst í þáttökulöndum þessa verkefnis. Ofangreind þróun stafar af breytingum á opinberri vinnumiðlunarþjónustu, en á þeim vettvangi hafa sum lönd sett skilyrði um virka þáttöku vinnuveitenda og árangurstengda umbun fyrir þjónustu af þessu tagi. Í Bretlandi eru til dæmis árangurstengd verkefni á þessu sviði orðin algengasta fyrirkomulagið, bæði í opinberri vinnumiðlun og á víðtækara sviði; má þar til dæmis benda á þróun á alþjóðavettvangi. Á Ítalíu hafa árangurstengdar greiðslur, eða *Agenzie per il Lavoro* (APL) leitt til þess vinnumiðlunar hafa tekið up vinnuveitendamiðaða stefnumörkun sem felur í sér nán tengsl við vinnuveitendur á viðkomandi svæðum og aukinn skilning á þörfum þeirra og væntingum.

Stefnumörkun sem byggir á árangurstengdum greiðslum hefur orðið til þess að hlutverk vinnumiðlarans verður nú að fela í sér eftirfarandi lykilþætti:

- **Upplýsingar, ráðgjöf og leiðbeiningar;**
- **Skipulega fræðslu og stuðning;**
- **Stuðning til bættrar hæfni til atvinnuþáttöku;**
- **Vinnumiðlun; og**
- **Virka aðild vinnuveitenda.**

Þjálfun og atvinnuréttindi vinnumiðlara er afar mismunandi í þáttökulöndum verkefnisins; sums staðar er jafnvel ekki um neitt slíkt að ræða. Þessi skortur á samræmingu veldur því að þjálfunarræði eru afar mismunandi, sér í lagi þegar horft er til einhvers tiltekins þáttar í hlutverki vinnumiðlarans. Þetta gefur tilefni til tveggja spurninga: Er sú hæfni sem námið veitir fullnægjandi til að viðkomandi geti sinnt því flókna hlutverki sem vinnumiðlurum er nú


ætlað? Og í öðru lagi: Getur núverandi námssnið undirbúið vinnumiðlara nægilega vel undir störf í öðrum löndum innan ESB?

Rannsóknir í þátttökulöndunum gáfu til kynna eftirfarandi samhljóða niðurstöður varðandi nauðsynlega **færni, viðhorf og starfskunnáttu** sem vinnumiðlari þarf að hafa til að bera:

Skilningur á kjörum annarra	Sjálfstraust	Áhugi í starfi
	Innlifun í hlutverk sitt	Stjórnun reikningshalds
Þekking á starfsgeirum	Fagmennska	Tjáningarhæfni
Þekking á vinnumarkaði	Reynsla af stuðningi við þá sem kljást við félagslegar/efnahagslegar hindranir	Þekkja eigin hæfni og takmörk
Aðlögunarhæfni	Milliganga	Uppbygging tengsla
	Bjartsýni/Jákvæðni	Opið hugarfar
Hæfni til hópvinnu	Samstarfshæfni	Þekking á þörfum atvinnurekenda
Hlustun	Vera fylginn sér	Þrautseigja/Frumkvæði
Skipulagshæfileikar	Viðtalstækni	Tilfinningagreind
Vinnusiðferði	Traust	Mannleg samskipti

Allir þátttakendur eru þeirrar skoðunar að endanleg þjálfun eða gæðavottun á grundvelli vinnumiðlaraverkefnisins ætti hið minnsta að fela í sér þá færni, tækni, þekkingu og getu sem að ofan greinir.

Þörfin fyrir vel þjálfaða vinnumiðlara hvarvetna í Evrópu tengist líka efnahagslegu umhverfi einstakra aðildarlanda. Nú um stundir er 8,6% atvinnuleysi innan ESB, samkvæmt upplýsingum frá Eurostat. Atvinnuleysi í þátttökulöndunum er sem hér segir: Bretland, 5%; Þýskaland, 4,2%; Ísland, 3,1%; Austurríki, 6,1%; Ítalía, 11,5%; Grikkland 24,1%; og Kýpur 12%. Línuritið hér að neðan gefur til kynna atvinnuleysi í aðildarlöndum ESB og EES:



Hlutfall atvinnuleysis í löndum ESB/EES í maí 2016 - Eurostats - 2016

Hátt hlutfall atvinnuleysis, áhrif heimsvæðingar á vinnumarkaðinn og vaxandi þarfir vinnuveitenda hafa leitt til verulegrar eftirspurnar eftir vel þjálfuðum, reyndum vinnumiðlurum með fjölbreytt tengslanet. Það er einmitt þessi eftirspurn sem verkefnið leitast við að sinna.